



Góðan daginn öll sömul. Ég heiti Helgi Reyrr og er kennari á unglíngadeild í Norðlíngaskóla. Núna um síðastlíðin áramót lauk ég við meistarágráðuna mína í námskrár og kennslufræðum frá University of Toronto í Kanada. Þannig má segja að ég sé ennþá með „hið glögga auga gestsins“ - ekki enn orðinn hokinn af reynslu innan kerfisins og brenn ennþá fyrir þeim metnaðarfullu hugmyndum um menntum sem ég lærði um úti. En núna

áður en ég byrja þá vil ég þakka henni Svandísi Ingimundardóttur fyrir að bjóða mér að koma hingað og gefa mér tækifæri til að tjá mína sýn á menntun til framtíðar á þessum vettvangi.

MÍN SÝN Á GRUNNMENNTUN, SKÓLA OG SKÓLASTARF TIL FRAMTÍÐAR.

- Afrakstur menntunar á ekki að snúast um markmið efnahags eða atvinnulífs, eða gera mannauð fyrir atvinnulífið.

Sammannleg og samfélagsleg markmið eru það sem ég tel að sé aðkallandi fyrir skóla 21. aldar.

- Þurfum breytta orðræðu um hlutverk, markmið og innihald menntunar;
- Ekki bara leið til þess að manneskjur öðlist „status“, frama og vel borgaða vinnu.

Ég vil byrja á að tala aðeins um mikilvægi þess að eiga þetta samtal um hvaða sýn við viljum hafa á framtíðarhlutverki menntunar og skóla. Það er nefnilega mjög brýnt að við höfum skýra sýn á menntun og skólastarf, því án hennar siglum eiginlega við áfram án þess að hafa stefnu - og þá verður erfitt að móta heildstætt og faglegt skólakerfi sem hefur vel ígrundað hlutverk og tilgang. Hvað er það sem við viljum rækta með einstaklingum í grunnskólum? Hvernig samfélag sjáum við fyrir okkur í framtíðinni? Hverjar eru áskoranirnar sem við sem samfélag, afkomendur okkar og afkomendur þeirra mun koma til með að standa frammi fyrir? Þetta eru spurningarnar sem eiga að móta skólastarf og þar af leiðandi menntun til framtíðar. En

Þetta er líka hápólítískt.

Ég var beðinn um að koma koma hingað sem nýútskrifaður kennari og segja frá hvaða sýn og hugmyndir ég hef á skóla sem þjónar samfélagi á 21.öld. Það sem er mér efst í huga er að afrakstur menntunar snúist ekki um markmið efnahags eða atvinnulífs og að það móti hvaða stefnu og ákvarðanir við tökum í skólamálum. Nú þegar finnst mér sú orðræða hafa allt of mikið vægi í umræðu um hlutverk, markmið og innihald menntunar. Það er að segja, orðræðan er þannig að ef menntun skilar ekki einstaklingnum því að komast inn í besta skólann, fá bestu vinnuna og hæstu launin - afhverju þá að læra það? Ef það þjónar ekki atvinnu eða frama - skiptir það þá nokkru máli? Og svo ég segi það hispurslaust, þá finnst mér að þetta gildismat eigi ekki að stjórna innihaldi menntunar í grunnskólum.

Með því að beina athyglinni að breyttri orðræðu um menntun þá á ég við að spyrjum gagnrýnið „*hvaða menntun þykir okkur mikils virði*“ og „*afhverju er hún meira virði?*“. Þegar þessi umræða hefur átt sér stað þá höfum við forsendur til þess að mynda okkur skýra sýn á menntun til framtíðar sem tekur líka mið af þeim verkefnum sem ungt fólk í dag mun standa frammi fyrir.



Skólinn er einn af mikilvægari vettvöngum samfélags, ef ekki bara sá mikilvægasti, til þess að aðlagast breyttum aðstæðum og takast á við verkefni samfélags. Við sjáum til dæmis á stríðshrjáðum svæðum, í flóttamannabúðum eða svæðum sem hafa farið í gegnum náttúruhamfarir; skóli er nánast undantekningalaust eitt af því fyrsta sem fólk reynir að koma á laggirnar. Eftir fjármálahrunið hér á landi árið 2008 brugðust yfirvöld við með því að innleiða nýja Aðalnámskrá sem lagði gríðarlega mikið upp úr því að mennta

samfélagsþegna sem gætu í framtíðinni litið gagnrýnum augum á ríkjandi menningu, sitt eigið samfélag og veitt valdhöfum aðhald. Þarna kemur svo skýrt fram hvað skólinn hefur alveg gríðarlega mikilvægt hlutverk til þess að endurreisa samfélag og koma í veg fyrir að eitthvað endurtaki sig.

Mig langar til þess að ræða hér í dag þrjú atriði sem ég horfi á sem hornsteinana fyrir skóla á 21. öld; í fyrsta lagi er það **hlutverk og markmið skóla** - í öðru lagi **innihald menntunarinnar** og í þriðja lagi **kennsluaðferðirnar**, og mun fara aðeins inn á hlutverk kennara í þeirri umræðu.

MENNTUN SEM RÆKTAR MENNSKUNA.

- Einlægar manneskjur sem hafa hugrekki og trú á sjálfum sér og samborgurum sínum.
- Einstaklinga með sterk gildi og viðhorf.
- Heilbrigð félagstengls.
- Heilbrigða sjálfsmynd.
- Geta sett fingur og orð á tilfinningar.
- Samlyndi - umhyggju - samkennd - umburðarlyndi - alúð - nærgætni - virðingu - vinsemd.
- Réttlætiskennd.

= VALDEFLANDI
MENNTUN FYRIR ALLA

Það sem ég tel að verði mjög mikilvægt hlutverk og markmið menntunar á 21. öld verði í fyrsta lagi að rækta í okkur mennskuna. Það sem ég á við með því er að menntun miði að því að byggja upp heilsteyptar, einlægar og hugrakkar manneskjur. Manneskjur sem hafa **sterk gildi** og **heilbrigð viðhorf**, eins og að bera virðingu fyrir jörðinni, öðru fólki og hinum ýmsu blæbrigðum samfélagsins. **Afhverju þurfum við menntun sem ræktar mennskuna?** Ég lít svo á að eins og við þurfum súrefni til að anda þá eru okkur

samskipti við aðrar manneskjur lífsnauðsynleg. Og ég held að það sé óhætt að segja að bæði manneskjur og samskipti eru flókin fyrirbæri. Ég tala um samskipti eins og súrefni því samskipti eru svo stór hluti af okkar félagsmótun og því ferli þegar við mótum okkar sjálfsmynd - og við það bætist margskonar áreiti sem við verðum fyrir í þessu ferli t.d eins og auglýsingar og samfélagsmiðlar. En með samskiptum við aðra uppfyllum við eina af grunnþörfum okkar sem er að finnast við *tilheyra*. Við þurfum öll að finnast við tilheyra. Samskipti við aðra getur verið það sem veitir okkur hamingju, lífsfyllingu og tilgang - en að sjálfsögðu líka óhamingju. Þannig væri menntun sem miðar að því að rækta mennskjuna, fyrst og fremst að leiðbeina einstaklingi að **skilja** hver hann, hún eða hán er, í þeirri viðleitni að einstaklingur skilji hvernig hamingja er að miklu leyti til fólgin í sambandi hans við aðra og umhverfið. En manneskja sem hefur svona tiltölulega skýra mynd af því hver hún er og hvað hún stendur fyrir - hún veit líka hvaða stefnu hún vill taka í sínu lífi.

MENNTUN SEM STUÐLAR AÐ FÉLAGSLEGU RÉTTLÆTI

- Jafna út mismunun og ójöfnuði í samfélaginu sem felst í bakgrunni nemenda.
- Í því felst að hlutverk kennara er fyrst og fremst að *spyrja gagnrýnna spurninga* þar sem þau fá tækifæri til að öðlast vitund á óréttlæti í samfélaginu og hvað hefur leitt til þessa óréttlætis.
 - „Af hverju höfum við fátækt/ójöfnuð?“//„Hverjir búa við fátækt og hvers vegna?“
 - „Hvers vegna eru loftslagshamfarir?“
 - „Af hverju er fólk á flóttu?“// „Hvers vegna sjáum við fólk sýna erlendu fólki úlfúð?“
- Neyslusamfélagið - auglýsingar - menntun - atvinna - fjölskylda - kyn - kyngervi - uppruni - tungumál - fötlun:
Hvernig hafa þessir þættir áhrif á okkur?
- *Gagnrýnin skoðun* á hvernig *vald*, *forréttindi*, *óréttlæti* og *ójöfnuður* birtast í samfélaginu og móta okkur.
- Viðfangsefni sem kveikja innri neista.
- *Ala upp virka gerendur - passívir verendur.*

Viðfangsefni

Það sem ég lít á sem hið seinna mikilvæga hlutverk og markmið menntunar á 21. öld, er að stuðla að auknu félagslegu réttlæti. Menntun á alltaf að þjóna lýðræðisþjóðfélagi. Þetta vitum við. En ég held að heilbriggt lýðræðislegt samfélag sé meira og dýpra en bara þátttaka í kosningum á 4 ára fresti. Til þess að samfélag sé lýðræðislegt þurfa allir að fá tækifæri til þess að taka þátt og hafa rödd - og þá er grunnforsendan fyrir því að samfélag sé lýðræðislegt að það sé líka réttlátt.

Í samfélaginu sem við búum ríkir óréttlæti.

Til dæmis má nefna ójöfnuð; kynbundið ofbeldi; mismunun á grundvelli kyns, kyngervis, uppruna eða fötlunar; niðrandi og hatursfull orðræða og úlfúð í garð ákveðinna þjóðfélagshópa - og áfram mætti upp telja. Og það er, að mínu mati, hlutverk skóla að setja þessi mál á dagskrá, því eins og ég sagði áðan þá er skólinn mikilvægasti vettvangur samfélags til þess að breyta sjálfu sér. Ég sagði líka að menntun að ætti alltaf að þjóna lýðræðisþjóðfélagi, og til þess að sú krafa sé ekki bara hol að innan, þá verður skólinn að beina sjónum þeirra sem verið er að mennta að raunverulegum verkefnum lýðræðissamfélags. En það sem er kannski aðalmarkmiðið með menntun sem miðar að því að stuðla að félagslegu réttlæti, er að búa til einstaklinga sem eru *virkir gerendur* frekar en *passívir verendur*. Manneskjur sem hafa öðlast skýra vitund um samfélagið nær og fjær sem þau tilheyra og eru meðvituð um ábyrgð sína að stuðla að réttlátu lýðræðisþjóðfélagi.



Okey en hvernig ætlum við að standa undir þessu mikilvæga hlutverki og vinna að þessum markmiðum?

Það sem verður efst á dagskrá í skóla 21. aldarinnar verður að örva gagnrýna hugsun og tengja saman **huga, hjarta og hendur** nemenda. Við þurfum að gefa þeim **verkfærin** til þess að geta tekist á við og leyst mörg af þessum brýnu verkefnum sem við þurfum að leysa á komandi árum t.d

loftslagsbreytingar; tækniframfarir og ört stækkandi hlutverk tækninnar í okkar daglega lífi; ójöfnuður; misskipting; og búferlaflutningar á heimsvísu - svo dæmi séu nefnd. Með því að kenna nemendum siðfræði og heimspeki munum við gefa þeim verkfæri til þess að koma auga á og glíma við margar af þeim flóknu spurningum sem fylgja örum tækniframförum. Með því að kenna nemendum bókmenntir og ljóð förum við inn tilfinningasvið einstaklinga og aukum læsi þeirra á eigin tilfinningar, sem og móðurmálið. Tungumálin gera okkur kleift að eiga samskipti í heimi sem stöðugt færir nær okkur og menningarlæsi gerir okkar færari um að skilja og bera virðingu fyrir annarskonar viðhorfum. Að ræða hitamál gefur nemendum tækifæri að taka afstöðu og tileinka sér lýðræðislegar samræðuhætti. Með því að beina sjónum nemenda út á við að heiminum styrkjum við vitund þeirra um stöðu sína sem borgarar í stærra samhengi.

Allt er þetta gert til þess að gefa nemendum fjölbreytt tækifæri til þess að örva sína hugsun og það mannlega innra með okkur.



Og nú er ég komin að þriðja og síðasta hornsteininum þar sem mig langar að beina aðeins athyglinni að aðferðunum við það að miðla þessum viðfangsefnum sem ég talaði áðan um. Og það er eiginlega ekki hægt að tala um aðferðirnar án þess að byrja á tala um hlutverk kennarans.

HLUTVERK KENNARA

- Að koma auga á og forgangsraða þessum viðfangsefnum.
- Setja hluti í samhengi.
- Veita þeim tækifæri til að tjá þekkingu sína með ólíkum leiðum.
- Nota allt sem kennarinn hefur lært til þess að læra með nemendum.
- Leiða einstaklinga áfram - spyrja gagnrýninna spurninga.

...en líka að

- Hlusta.
- Veita nemendum athygli.
- Veita þeim hlýju.
- Vera til staðar.

Ég sé yfirleitt fyrir mér kennarann svona svipað og tónlistarstjórann í synfóníuhljómsveit.

Hljómsveitarstjórinn bæði leiðir alla hljómsveitina í gegnum verkið og passar upp á að hvert hljóðfæri fái að hljóma eins vel mögulegt er.

Sömuleiðis held ég að hlutverk kennara verði fólgið í því að koma auga á viðfangsefni sem brýnt er að nemendur læri og aðstoðið þá við að setja hluti í samhengi.

Síðast en ekki síst verður hlutverk kennara að hlusta; veita nemendum athygli og hlýju og vera til staðar.



KENNSLA BYGGIST Á
SAMTALI.

ÁHERSLA Á
ÍGRUNDUN.